

From: Ketill Gauti Árnason <ketill@nordurthing.is>

Sent: fimmtudagur, 20. maí 2021 14:57


To: Gaukur Hjartarson <gaukur@nordurthing.is>

Cc: Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdís@nordurthing.is>; Gunnar Hrafn Gunnarsson <gunnar@nordurthing.is>

Subject: Athugasemd frá Eignasjóði Norðurþings vegna deiliskipulags á miðbæjarsvæði 7, Útgarður og Pálsgarður á Húsavík

Sæll Gaukur.

Ég hef verið að renna yfir deiliskipulagið í Útgarði sem liggur nú til kynningar. Þar rek ég mig á að hæðarkóti á frágengnu yfirborði þaks á bílakjallara er mjög nálægt hæðarkóta á gólfi í Pálsgarði 1 (P1). Þarna munar einungis 2,5 cm á þaki bílakjallara Útgarðs 2 (Ú2) og gólfplötu á P1. Þetta má sjá betur á Mynd 1 hér f. neðan.



Mynd 1: Mynd tekin úr uppdrætti að Deiliskipulagi Miðbæjarsvæði 7 á Húsavík – Útgarður og Pálsgarður.

Væntanleg viðbygging P1 mun koma til að standa alveg upp að lóðarmörkum Ú2 og eins og kemur fram er kvöð um afnot P1 að 5m breiðu svæði á lóðinni að Ú2 vegna aðgengis og fyrir útisvæði ofan á afmörkuðum bílakjallara. Vegna þess hve hæðarmunurinn er lítill má lítið út af bregða hvað varðar frágang á yfirborði þaks bílakjallarans til þess að yfirborðið verði hreinlega slétt við eða jafnvel hærra en hæð gólfplötu P1. Það takmarkar mikið afnot P1 af svæðinu innan Ú2 og skapar jafnvel hættu á að vatn leiti inn af lóð Ú2 inn í húsnæði P1. Lækkun á hæð á yfirborði þaks bílakjallara myndi gefa frekari tækifæri til afnota á svæðinu sem P1 hefur afnot af skv. kvöðum og minnka hættu á að vatn leiti inn í húsnæði P1.

Eignasjóður Norðurþings leggur fram þá ósk að frágengið yfirborð þaks á bílakjallara á Ú2 verði lækkað svo hæðarmunur á gólfplötu P1 og frágengnu yfirborði þaks bílakjallara á Ú2 sé amk. 10 - 15 cm.

Bestu kveðjur

Ketill Gauti Árnason

Verkefnastjóri á framkvæmdarsviði

Stjórnsýsluhúsi Norðurþings | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464 6133



[Um ábyrgð á tölvupósti / email disclaimer](#)